

Nr. 8/1903:

Héraðslæknir G. B. Scheving
 gegn
 Arnóri presti Árnasyni.

D ó m u r:

Vorið 1901 var heimili stefnda, Föll í Kollafirði, sóttkvíað að yfirvaldsboði sakir skarlatssóttar, er þar var á bænum, og þegar veikinni var lokið, snemma í júlímánuði, kom héraðslæknirinn, áfrýjandinn, þangað, og fyrirskipaði sóttthreinsun á heimilinu, og skoraði lækni-rinn á stefnda að leggja til starfsfólk við hreinsunina svo sem hann gæti. Stefndi gerði það, en áskildi sér dagkaup fyrir fólkid og ókeypis fæði. Læknirinn gekk að kjörum þessum og fór síðan sóttthreinsunin fram með þessu fólk og 2 mönnum öðrum, er fengnir voru að í viðbót. Síðan sendi stefndi og hinir 2 mennirnir reikninga yfir fyrirhöfnina til sýslumanns á leiðis til landshöfðingja, og var upphæð reikninganna, sem áfrýjandi hafði samþykkt fyrir sitt leyti, samtals 144 kr. 90 a., en eftir úrskurði landshöfðingja á reikningana fengust að eins borgaðar úr landssjóði upp í þá upphæð 32 kr. 50 a. og voru þá eftir 112 kr. 40 a., sem stefndi, er hefir fengið framseldan sér rétt hinna, er að sóttthreinsuninni unnu, álitur sig eiga heimtingu á að fá endurgoldnar af áfrýjanda, með því að hann hafi lofað þeirri borgun, sem reikningarnir greini. Áfrýjandi áleit sig ekki skyldan til að sinna kröfu stefnda í þessa átt, og höfðaði þá stefndi mál gegn honum fyrir aukarétti Strandasýslu til greiðslu á tédum reikn-

ingseftirstöðvum 112 kr. 40 a. og var málið dæmt í nefndum rétti 27. oktbr. f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð með 5% vöxtum frá 27. maí f. á. og í málskostnað 19 kr. 50 a.

Þessum dómi hefir áfrýjandinu skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 27. janúar þ. á., og hefir hann krafist þess, að aukaréttardómurinn verði úr gildi feldur og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum að skaðlausu. Stefndi hefir eigi, þótt honum sé löglega stefnt, mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum og verður því að dæma málið eftir framkomnum skjölum og skilríkjum, samkvæmt N. L. 1—4 32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Stefndi hefir bygt kröfu sína á hendur áfrýjanda um, að hann borgaði sér eftirstöðvarnar af sóttþreinsunarkostnaðinum, á því, eins og fyr er á minst, að áfrýjandi samþykkti, að þeir, er að sóttþreinsuninni unnu, fengju það kaup, er stefndi áskildi og talið er í reikningunum til landsjóðs. Hins vegar vissi stefndi það, að áfrýjandinn kom við sóttþreinsunina að eins fram í embættisnafni og sem umboðsmaður hins opinbera, og að hann ætlaði ekki að takast á hendur neina skuldbindingu til að greiða borgunina úr eigin vasa eða ábyrgjast sjálfur með eigin fé, að hún yrði borguð, enda sést eigi, að farið hafi verið fram á neitt slíkt við áfrýjanda. Stefndi gat því

ekki bygt á loforði áfrýjanda eða samþykki hans kröfu á hendur honum um að greiða nefndan kostnað, sem, að svo miklu leyti sem hann er löglega til orðinn, hvílir á almannafé, samkvæmt lögum nr. 2, 31. janúar 1898, 8. gr., og með því að það heldur eigi verður séð, að áfrýjandi hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnda með aðferð sinni — enda hefir því eigi beint verið haldið fram af stefnda — þá verður að sýkna áfrýjanda fyrir kröfu stefnda á hendur honum í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum, en málskostnaður fyrir undirrétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, héraðslæknir G. B. Scheving, á að vera sýkn af kærur og kröfum stefnda, Arnórs prests Arnasonar, í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.